

## Ágætu félagar í H.M.H.

Hér koma nokkrir fróðleiksmolar um starfið það sem af er ári.

Opið hefur verið á Fosshóli frá því 5. mars. Fram eftir vori sá sáu starfsmenn Goðafoss ehf. um afgreiðslu fyrir okkur, en við byrjuðum svo heldur fyrr en verið hefur með eigið afgreiðslufólk. Starfsmenn hjá okkur í sumar voru óvenjumargir, þau voru þrú sem skiptust á að standa vaktina, auk vaktstjóra sem hélt utan um hinn daglega rekstur. Launaður starfskraftur var hjá okkur til 23. sept. en þá mátti segja að botninn væri úr sölnunni. Sjálfbóðaliðar unnu að vanda gríðarmikið og gott starf og kunnum við öllu þessu afgreiðslufólki bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Alls voru 8 vörumóttökur í sumar, salan var með allra besta móti og við stefnum á að hafa eina móttöku enn seinnipartinn í nóvember. Má segja að það hafi verið góð sala í flestum vöruflokkum. Aðeins hefur komið inn af sultum og sýrópi í sumar og lofar salan á því góðu og greinilegt að fólk vill gjarnan versla matvöru úr héraði. Gaman væri að sjá meira af vörum af því tagi næsta sumar. Og úrval eykur sölu, það er ekki spurning.

Aðeins hefur verið reynt að lifga uppá verslunina, í sumar voru keypar ginur til uppstillinga og við reyndum að draga athyglina að inngöngunum inn til okkar með ýmsum hætti. Búið er að fjárfesta í innréttingum sem væntanlega komast upp í vetur.

Markaðsdagurinn var haldinn þann 6. júlí. Hann tókst mjög vel, þátttakendur hafa aldrei verið eins margir. Við stefnum á að gera þennan markaðsdag að árlegum viðburði.

Við höfum látið fjölfalda myndband sem Jón Aðalsteinn Hermannsson gerði um Handverkskonur milli heiða á fyrstu starfsárum okkar. Hann heimsótti hópana og fékk að mynda það sem við vorum að fást við á þeim tíma og ræddi við konur. Þetta er ómetanleg heimild um hveitibrauðsdaga okkar góða félags. Diskurinn er til sölu hjá Ósk s: 8626073 eða okkah@hotmail.com og kostar 1.000- kr.

Haustfundurinn var haldinn 4. nóv. á Fosshóli. Þar voru 18 konur mættar. Gestur fundarins var Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri.

Seinnipartinn í vetur ætlum við að halda framkomu - og sjálfstyrkingarnámskeið, það verður í boði fyrir alla þá sem koma að afgreiðslustörfum í versluninni okkar.

Þessa dagana er afgreiðslan aftur í höndum starfsfólks Goðafoss ehf. og meðan þessi rólegi tími er verður svo. En eins og við vitum fjölgar alltaf þeim sem sækja landið okkar heim og vonandi höldum við áfram að njóta góðs af þeim ferðamönnum sem fara í gegnum hlaðið hjá okkur. Við hvetjum ykkur því til að halda vel á spöðunum í vetur og framleiða áfram ykkar gæðavöru. Það er ljóst að við þurfum mikið magn af vörum til að ná lagernum í samt stand fyrir sumarið.

Stjórnir G.F.M. og H.M.H.

## Vörumóttaka Goðafossmarkaðar ehf

Verður á Fosshóli miðvikudaginn 27. nóvember  
kl. 15:00– 19:00.

G.V: Nefndin



Félagar í kirkjukórum í  
Hálssókn, Lundarbrenkusókn og  
Ljósavatnssókn

## Athugið

Áætlaðar æfingar í nóvember og desember 2013 fyrir  
aðventukvöld og Hátíðarguðsþjónustur á jólum

- 21. nóvember fimmtudagskvöld- æfing-Þorgeirskirkju
- 25. nóvember mánudagskvöld-æfing- Þorgeirskirkju
- 1. desember sunnudagskvöld-æfing- staðs. óákveðin
- 5. desember miðvikudagskvöld-æfing-Þorgeirskirkju
- 8. desember Aðventukvöld
- 12. desember æfing- Þorgeirskirkju
- 19. desember æfing- staðs. óákveðin

**Athugið , nýir félagar velkomnir!!!**

*Kveðja Dagný*

## Haustmót GLÍ

Nú er komið að glímumóti norðan heiða, en keppt verður í karla-, kvenna- og unglíngaflokki í íþróttahúsinu á Laugum í Reykjadal laugardaginn 16. nóvember kl.14:30.

Allir velkomnir



## Slædesmyndasýning 18. nóvember kl 20:30

Gamla Barnaskólanum Skógum Fnjóskadal

Hermann Herbertsson Sigríðarstöðum sýnir myndir teknar upp úr 1970 í Fnjóskadal og af Fnjóskdælingum

aðgangur 1000 kr. kaffi og með því, innifalið bókamarkaður enn í gangi

**verið hjartanlega velkomin  
stjórnin**

### 4. Fundargerð Brunavarnarnefndar frá 17.10.2013:

Lögð fram fundargerð Brunavarnarnefndar frá 17. október s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni.

*Sveitarstjórn staðfestir alla liði fundargerðarinnar.*

### 5. Aðalfundarboð Veðifélags Fnjóskár 2012:

Lagt fram aðalfundarboð Veðifélags Fnjóskár 2012 sem haldinn verður í Skógum í Fnjóskadal mánudaginn 11. nóvember n.k.

*Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.*

### 6. Skipun í fulltrúaráð Eyþings:

Fyrir fundinum liggur bréf, dags. 4. nóvember s.l. frá Pétri Þór Jónassyni, framkvæmdastjóra Eyþings. Óskað er eftir að Þingeyjarsveit skipi sinn fulltrúa í fulltrúaráð Eyþings, sbr. tillögu sem samþykkt var á aðalfundi Eyþings 2013 þann 27. og 28. september. Hlutverk fulltrúaráðsins er að vera stjórn til ráðgjafar í veigamiklum málum og að tryggja lýðræðislega aðkomu allra sveitarfélaga á starfssvæði Eyþings.

*Samþykkt að Arnór Benónýsson verði aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar í fulltrúaráð Eyþings og Margrét Bjarnadóttir varafulltrúi.*

### 7. Stígamót - styrkbeiðni:

Lögð fram fjárbeiðni Stígamóta fyrir árið 2014 þar sem óskað er eftir stuðningi sveitarfélaga.

*Sveitarstjórn hafnar erindinu og vísar til árlegs styrks sveitarfélagsins til Aflsins, syststrasamtaka Stígamóta á Akureyri.*

### Til kynningar:

- Fundargerð 809. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- Fundargerðir 245., 246. og 247. fundar stjórnar Eyþings:
- Innanríkisráðuneytið – Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar:
- Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga:

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:20

Ólína Arnkelsdóttir  
Margrét Bjarnadóttir  
Friðrika Sigurgeirsdóttir  
Árni Pétur Hilmarsson

Arnór Benónýsson  
Ásvaldur Ævar Þormóðsson  
Ásta Svavarsdóttir

## FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar  
134. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 7. nóvember 2013 kl. 14:00

### Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Fundargerð Brunavarnarnefndar frá 17.10.2013:
3. Aðalfundarboð Veiðifélags Fnjóskár 2012:
4. Skipun í fulltrúaráð Eyþings:
5. Stígamót – styrkbeiðni:

### Til kynningar:

- a. Fundargerð 809. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- b. Fundargerðir 245., 246. og 247. fundar stjórnar Eyþings:
- c. Innanríkisráðuneytið – Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar:
- d. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Ásta Svavarsdóttir og Árni Pétur Hilmarrson auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 2. lið; endurnýjun á rekstrarleyfi og undir 3. lið; nýtt rekstrarleyfi og aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur.

*Samþykkt samhljóða.*

### 2. Endurnýjun á rekstrarleyfi:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 5. nóvember s.l. um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistingar á Bergi í Aðaldal, Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.*

### 3. Nýtt rekstrarleyfi:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 6. nóvember s.l. um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar á Lautavegi 8 í Reykjadal, Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.*



## „Fótsnyrting“

Kvenfélag Ljósvetninga býður íbúum, 67 ára og eldri í Kinn og Ljósavatnsskarði upp á fría fótsnyrtingu í Stórutjarnaskóla laugardaginn 23. nóvember nk. Tímappantanir berist fyrir fimmtudaginn 21. nóvember til:

Tollu, s: 464-3356 / 895-3356  
Hrefnu, s: 464-3454 / 821-3454  
Dagnýjar s: 464-3366 / 895-3386




## Laufabrauð

Líkt og undanfarin ár býður **Kvenfélag Reykdæla** upp á skorið og steikt laufabrauð.

Hinn hefðbundni Kvenfélagsbasar verður **ekki** haldinn þetta árið.

Laufabrauðið verður keyrt heim til fólks helgina 30.-31. nóvember.

Pantanir þurfa að berast fyrir 20. nóvember til Rikku í síma 894-7609 eða Höllu í síma 464-3378 / 865-3378



Er bíllinn skítugur?  
Vantar þig snjómokstur?  
Ruslatunnan full?  
Áttu fullt af flöskum?

Hringdu þá í okkur!

Við útskriftarhópurinn í Framhaldsskólanum á Laugum ætlum að bjóða upp á bílapvott, snjómokstur og fara með rusl í gáma fyrir smá pening, ekkert fast verð heldur frjáls framlög.

Svo ætlum við einnig að bjóðast til að sækja flöskur og dósir heim á bæi fyrir þá sem ekki vilja endurnýta það sjálfir.

Hafið samband í eitt af eftirfarandi símanúmerum:

Sóley Hulda: 869-4395

Elísabet Ósk: 897-9572

Jón Sigurbjörn: 869-9303

Vonum góðar undirtektir  
-Útskriftarhópur FL

Geymið auglýsinguna

45.tbl.  
14. nóvember  
2013  
20. árg.

# Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



## Takið eftir, takið eftir!

**Laugardaginn 16. nóvember kl. 21.00**

**verður haldið söng og kvæðakvöld í samkomuhúsinu Kiðagili.**

Þar munu nokkrir nemendur klassískrar söngdeildar Tónlistarskólans á Akureyri koma fram. Hóp þennan skreytir fallett og hæfileikaríkt fólk á öllum aldri og skal það hér upptalið: Hlini frá Svartárkoti í Bárðardal, Gíslí Rúnar frá Hlíðarhaga í Eyjafjarðarsveit, Birgir frá Mannskaðahóli í Skagafirði, Dagur frá Grenjaðarstað í Aðaldal, Herdís frá Litlagarði í Eyjafjarðarsveit og Kristín frá Haga í Aðaldal.

Um undirleik sér Daníel Þorsteinsson

Aðgangseyrir er kr. 1.500.- og mun hann renna í ferðasjóð nemenda sem í febrúar næstkomandi fara vettvangsferð til New York borgar.

Getum því miður ekki tekið við greiðslukortum.

Veri allir velkomnir  
vinir kærir gleði til.

Opnar standa okkar dyr  
þú ættir að líta í Kiðagil.